



Frá orðum til athafna.

Sharing Our vision and strengthening our Society.

Ágætu Delta Kappa Gamma formenn.

Þakka ykkur fyrir góða mætingu á framkvæmdaráðsfundinn þann 1. september. Ég vona að þið hafið haft gagn og gaman af honum og ánægju af að kynnast formönnum annarra deilda. Sú kynning eflir tengsl milli deilda og styrkir um leið allt innra samstarf samtakanna.

Við verðum að horfa út fyrir okkar eigin deild. Við erum jú 12 deildir á Íslandi. Ég vil einnig þakka sérstaklega öllum þeim sem héldu erindi og þeim sem lögðu mikla vinnu í undirbúning fundarins.

Fréttabréfið.

Á síðasta ári var ákveðið að fréttabréfið yrði aðeins gefið út á netsíðu okkar. Töldu konur óþarft að leggja í prentkostnað. Eftir framkvæmdaráðsfundinn þann 1. september er ég komin á þá skoðun, að þetta mál þurfi að skoða nánar. Ég efast um að nokkur kona, í það minnsta fáar, prenti út fréttabréf okkar af netinu, hvað þá lesi það. Því vil ég leggja eftirfarandi til við ykkur ágætu formenn, eða öllu heldur koma með hugmynd:

1. Prentið út, eða látið prenta út nokkur eintök af fréttabréfinu. Prentið út eintök fyrir þær konur sem ekki eru nettengdar.
2. Kynnið innihald þess á fundum.
Þar með sláið þið tvær flugur í einu höggi, kynnið mikilvægi fréttabréfsins, sem og kynnið starfsemi DKG á Íslandi, og aukið upplýsingaflæði milli deilda.
3. Útgáfa fréttabréfsins er mikilvægur þáttur á starfsemi okkar.
Við verðum að gera okkur grein fyrir því, að hreint ekki allar konur í DKG lesa síðuna okkar á netinu. Það gengur mjög hægt að koma því í gang.

Ritnefnd fréttabréfsins og ritstjórinn hafa lagt á sig ómælda vinnu við að gefa út metnaðarfullt fréttabréf með upplýsingum frá öllum deildum. Það er mikilvægt að þið kærðu formenn, gerið ykkur grein fyrir mikilvægi þessa starfs og ég bið ykkur að vera í góðu sambandi við hana Láru ritstjóra lara@ismennt.is, benda henni á, ef ykkur finnst eitthvað ætti að birtast í fréttabréfinu.

Einnig er mikilvægt að vera í góðu sambandi við Eygló netstjóra. Ritstjórinn og netstjórinn vinna saman og þær báðar bíða eftir að þið komið með hugmyndir

til þeirra eyglo@unak.is, eins og þær sögðu báðar á fundinum í september og ég tel nauðsynlegt að ítreka.

Félagatalið.

Ákveðið hefur verið að gefa út félagatal DKG í prentuðu formi. Síðasta útgáfa er löngu úrelt. Hún var gefin út árið 2008. Það hafa verið vangaveltur um að láta nægja að hafa það á vefnum, en eftir að hafa borið það upp á mörgum stöðum innan DKG er ljóst, að meirihluti kvenna vill fá það í prentuðu formi. Í því sambandi verðið þið, ágætu formenn, að sjá til þess að Elínborg Sigurðardóttir formaður félaga og útbreiðslunefndar Epsilon deild elinborg@skolasud.is fái réttar upplýsingar strax. Hún afhenti ykkur í prentuðu formi félagatal hveggjar deildar fyrir sig á framkvæmdaráðsfundinum. Ég legg mikla áherslu á þetta, ekki síst vegna þess, að bara í ykkar 12 manna formannahópi voru tveir formenn skráðir með löngu úrelt netföng. Hreint ótrúlegt, en svona getur gerst. Ég er ekki barnanna best, var lengi skráð með vinnunetfangið mitt, eftir að ég hafði lokið störfum. Þetta er greinlega nýtt vandamál sem fylgir netinu.

Íþróttamálin.



Gaman væri að hefja gönguferðir að nýju í október. Eins og Ingibjörg Ásgeirsdóttir formaður Lamda deildar komst að orði, þá hittast konur á öðrum forsendum í gönguferðum og er skemmtilegt að kynnast líka á vettvangi. Ef við verðum heppnar og getum fengið Margréti Jónsdóttur Gamma deild til að stýra okkur, þá erum við aldeilis heppnar. Hún er einstök kona með sitt góða skap og umhyggju fyrir öllum. Í gönguferðunum í sumar komu hæfileikar hennar vel í ljós. Gaman væri ef deildir úti á landi gætu farið í slíkar ferðir, nú ef konur eru í bæjarferð er kjörið að koma og vera með. Við fengum okkur einnig súpu í Nauthól af og til.

Félagsgjöldin:

Ágætu formenn, þið berið fulla ábyrgð á greiðslu félagsgjaldanna, ekki gjaldkerinn einn og sér, eins og Guðbjörg M. Sveinsdóttir gjaldkeri landssambandsins gugga@mitt.is tók skýrt fram þann 1. september. Minnið félagskonur á að greiða félagsgjöldin eigi síðar en í október.

31. október rennur skilafresturinn út.

Kynningar og leiðtogafundir.

Munið að ykkur stendur til boða að fá Sigrúnu Jóhannesdóttur úr Delta deild til að fara yfir starfið með ykkar konum. En þið skuluð endilega gera það með góðum fyrirvara, þar sem Sigrún er mjög önnum kafin kona (sigrun@frae.is).

Aðalfundurinn vorið 2013.

Aðalfundur DKG verður haldinn 4. maí 2013. Takið daginn strax frá og hvetjið ykkar deildarkonur til að gera slíkt hið sama. Dagskrá verður kynnt síðar.

Frá höfuðstöðvunum í Austin:

Hvetjið ykkar deildarkonur til að fara inn á DKG.muna.is og DKG.org og skoða vandlega allt sem þar er í boði í formi styrkja og náms.

Eygló netstjóri ætlar að hanna hólfið “Frá orðum til athafna”, það er nokkurs konar fésbókarsíða fyrir okkur.

Formenn nefnda eru allir tilbúnir til að aðstoða ykkur eftir bestu getu og endilega nýtið ykkur það.



Myndin var tekin á framkvæmdaráðsfundinum, en því miður vantar nokkra formenn á hana. Ég tók hana rétt í lok fundarins og nokkrar konur voru farnar.

Með góðri kveðju í allar deildir og ósk um farsælt vetrarstarf.

Fyrir hönd landssambandsins,

Sigríður Ragna Sigurðardóttir
forseti landssambandsins.

